

Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hlíðasmára 8 og Spönginni 13 [facebook](#)

24. JANÚAR 2015 • 3. tölublað 6. árgangur

# REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Fólk hópaðist á Austurvöll sumarið 1915 til þess að fagna því að konur fengu loks kosningarétt til Alþingis. Fyrir miðri mynd má sjá Bríeti Bjarnhéðinsdóttur flytja ræðu. 100 ár eru í ár liðin frá þessum áfanga í jafnréttisbaráttunni. **Sjá bls. 2.**

Mynd: Þjóðminjasafnið/Wikipedia

Mikil stækkun Kringlunnar í undirbúningi:

## Tugmilljarða framkvæmdir bíða nýrrar stjórnar Reita

Þetta er eitt áhugaverðasta þróunarverkefni Reita,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri fasteignafélagsins Reita um áætlanir um mikla stækkun Kringlunnar í Reykjavík til vesturs og hugsanlega byggingu hótelturans norðan við verslunarmið-

stöðina. Ætla má að ný stjórn verði sett yfir Reiti í kjölfar skráningar á hlutabréfamarkað nú í vor og að ákvörðun um framkvæmdir verði tekin í framhaldinu.

Guðjón Auðunsson segir í samtali við Reykjavík vikublað að ætla megi

að félagið verði skráð í Kauphöllina í apríl. „Þetta verkefni er hér á borðinu hjá okkur, en lokaákvörðun verður ekki tekin fyrr en nýr eigendaprófill á fyrirtækinu liggur fyrir og ný stjórn með nýtt umboð tekur ákvörðun í málinu.“ **Sjá bls. 2.**

**hús & heilsa** Fyrsta fyrirtækið á Íslandi Fagmennska og vísindi

rannsóknir & ráðgjöf • fagmennska & vísindi

- leyndir gallar • viðhald • rakavandamál •
- endurbætur • framkvæmdir • mygla • matsgerð •

Ástandsskoðun • kaup • sala  
rakamæling • sýnataka • loftgæðamælingar

www.husogheilsa.is hh@husogheilsa.is s: 695 0525

**hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun**

Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsafni

Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar  
Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreifibréf o.fl. o.fl.

**FRUM** ...góður punktur

Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóra og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fjöta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**XPRENT** - hönnun og merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS

**...og margt fleira**

Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

**Valhöll**  
Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.

**20%** afsláttur af lókum og hlífðardýnum við dýnúkaup.

**12 mán.** vaxtalausar greiðslur\*

**Gerðu gæða- og verðsamanburð**

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.

**Verðdæmi:** Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

**Svefn & heilsa** ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

# Miklar framkvæmdir framundan

Framhald af forsiðu

Í athugun hefur verið að reisa mikil mannvirki á byggingarreitum við Kringluna 1 og 3. Kostnaður við framkvæmdir myndi hlaupa á tugum milljarða króna en hugmyndir eru að byggja frá 20 þúsundum og upp í 100 þúsund fermetra húsnæðis á svæðinu. Þar á meðal hótelturn norðan við Kringluna sjálf. Samfara þessum framkvæmdum gætu gömlu höfuðstöðvar Morgunblaðsins sem nú hýsa m.a. Vinnuálastofnun og prentsmiðjuhús heyrnt sögunni til, samfara viðbyggingu frá gömlu Borgarkringlunni, yfir götuna til vesturs.

Fram kemur á heimasíðu Reita að gert sé ráð fyrir þessum framkvæmdum í aðalskipulagi borgarinnar. Þar er einnig gert ráð fyrir turni með 150 íbúðum og hóteli sem myndi rísa norðanmegin við Kringluna.

Reitir eru að mestu leyti í eigu



Þessi teiknaða mynd af heimasíðu Reita sýnir hvernig svæðið gæti lítið út frá Kringlumýrarbraut. Að baki til hægrri á myndinni sést í Borgarleikhúsið.

Eignabjarg og Landsbankans, sem saman eiga upp undir helming, ef marka má heimasíðu félagsins. Eignabjarg er í eigu Arion banka. Einnig eiga ýmsir lífeyrissjóðir samtals um þriðjungshlut.

Félagið hlaut nafnið Reitir árið 2010 en félagið hét áður Stoðir upp úr sameiningu Stoða og fasteignafélagsins Þyrpingar. Upphaf félagsins má rekja til byggingar Kringlunnar árið 1987, en það á nú fjölmargar eignir um allt höfuðborgarsvæðið og víða úti á landi.

## „Stærstu verkefni okkar“

Framtíð skógræktar er ekki hafin yfir umræður. Um hana eru og verða skiptar skoðanir. Þess vegna er mikilvægt að áætlanir og viðmið séu skýr, raunhæf og öllum kunn og í samræmi við meginmarkmið náttúruverndar. Almenn uppræðsla

og gróðurvernd eru eftir sem áður stærstu verkefni okkar,“ segir Ari Trausti Guðmundsson ítarlegri grein um náttúruvernd hér í blaðinu. Hann fjallar um skógrækt að þessu sinni og fjölda aðkallandi verkefna.

Sjá bls. 10-11.



Nemendur í Réttarholtskóla afhentu á dögnum afrakstur af árlegu söfnunaráttaki til að styrkja Vin, athvarf sem Rauði krossinn rekur. Nemendurnir söfnuðu um hálfri milljón króna með því að selja bókamerki sem einnig voru happdrættismiðar. Vin er athvarf fyrir fólk með geðraskanir.

## Bílastjarnan

Bílamálun og Réttingar



Bæjarflöt 10 / 112 Reykjavík  
sími: 567 8686 / www.bilastjarnan.is

TJÓNASKOÐUN - BÍLAMÁLUN - RÉTTINGAR

Vottað málningar- og réttingaverkstæði  
Við erum í samstarfi við öll tryggingafélögin



100 ára kosningaréttarafmæli kvenna:

# Skiptar skoðanir um frídag

Oddvitar bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu taka mis vel í hugmyndir um sérstakan frídag 19. júní í ár, í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því að konur fengu kosningarétt til Alþingis.

„Mér finnst þetta fin hugmynd sem ætti að skoða nánar,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar og oddviti Sjálfstæðisflokksins í bænum.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, víðraði þá hugmynd á borgarstjórnarfundum í vikunni, að frí yrði gefið hinn 19. júní, á baráttudegi íslenskra kvenna, í tilefni af því að í ár eru 100 ár liðin frá því að konur fengu kosningarétt og öðluðust kjörgengi til Alþingis.

Dagur velti því upp að sameina hátíðahöld vegna þjóðhátíðardagsins 17. sama mánaðar og kosningaréttarafmælisins. Hinn 17. er á miðvikudegi í ár, en 19. júní er á föstudegi.

Á báðum áttum

Bjarni Torfi Álfþórsson, forseti bæjarstjórnar Seltjarnarness segist myndu vilja skoða þetta, „ef það er einhver alvara í þessu. Það er nú frelsisbarátta tengd báðum þessum dögum. Svona fyrirfram þá er ég ekkert voðalega spenntur fyrir þessu. En þetta er áhug-



Skiptar skoðanir eru um fríð 19. júní í nágrennasveitarfélögum. Rósa í Hafnarfirði vill skoða málið en Ármann í Kópavoginum hafnar því.



verð þæling og þessu kastar maður sósúmi ekki út af borðinu að óathuguðu máli,“ segir Bjarni Torfi.

Á móti

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í Kópavogi segist vera mótfallinn því að blanda þessu saman. „Ég vil halda þjóðhátíðardaginn,“ segir hann í samtali við blaðið. Hann bætir því við að Kópavogur hyggist gera mikið í tengslum við 100 ára kosningaréttarafmælið „enda er mikil og merkileg saga kvenna í Kópavogsbæ.“

Fylgjandi

Hafnirfirðingar virðast hins vegar alveg ákveðnir. Þannig tekur Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi

VG og fyrrverandi bæjarstjóri undir með Rósu Guðbjartsdóttur. Það gerir einnig Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og oddviti Bjartrar framtíðar. „Ég held að þetta gæti orðið mjög skemmtilegt og um leið virkað sem tilraun í að færa frídag upp að helgi, sem oft hefur komið til tals.“ Hún bendir raunar á að í slíkum málum verði þetta að ná til allra, þar sem tilfærsla á frídeggi á einum stað gæti skapað óþægindi fyrir fólk sem býr í einum bæ en sækir vinnu annað. „Það er eflaust ekki verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur að leggja til að færa sautjándann. En þetta myndi að sama skapi gera árið afar eftirminnilegt í sambandi við 100 ára afmæli kosningaréttarinnar.“

ÁTVR stefnir á opnun í Grafarvogi:

# Fagnar aukinni þjónustu

Ég fagna allri aukinni þjónustu við íbúa í Grafarvogi,“ segir Bergvin Oddsson, formaður Hverfisráðs Grafarvogs í samtali við Reykjavík vikublað. Greint hefur verið frá því að ÁTVR hyggist að nýju opna verslun í hverfinu. ÁTVR var áður með verslun í Spönginni, en henni var lokað árið 2009.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir í samtali við Reykjavík vikublað, að það hafi skýrt af óhentugu og of litlu húsnæði, en annað hafi þá ekki fengist. „Við höfum alltaf gefið það út að sú lokun

hafi ekki verið endanleg og nú var ákveðið að láta á það reyna hvort við fengjum hentugt húsnæði.“

Hún segir að ekki sé horft til ákveðinnar staðsetningar. Ríkiskaup sjái um að auglýsa eftir húsnæði. „Og svo metum við bara þau tilboð sem við fáum.“

Tilboð verða opnuð í byrjun febrúar. Sigrún Ósk segir að leitað sé að húsnæði á bilinu 370-450 fermetrar. Fyrra húsnæði hafi verið „talsvert minna“.

Morgunblaðið greindi fyrst frá þessu máli í vikunni og kom fram í



Sigrún Ósk Sigurðardóttir, hjá ÁTVR.

frétt blaðsins að gert væri ráð fyrir því að ný vínbúð í hverfinu yrði opnuð síðar á árinu.

Bergvin Oddsson hjá hverfisráðunu bendir á að Grafarvogsbúar hafi saknað ýmissar þjónustu úr hverfinu. Til að mynda hafi útibú Póstsins verið lokað fyrir nokkru. „Það búa um 20 þúsund manns í hverfinu. Ég veit ekki hvað Akureyringar myndu segja ef þeir fengju ekki að hafa vínbúð í bænum hjá sér,“ bætir hann við, en á Akureyri búa álíka margir og í þessu hverfi Reykjavíkur.



Vínbúðinni í Spönginni var lokað fyrir sex árum. Nú stendur til að opna vínbúð að nýju í Grafarvoginum.

Costco valdi Garðabæ frekar en Korputorg:

# Reikna með opnun um áramót

Vonandi verður þetta í kringum næstu áramót,“ segir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, lögmaður, sem hefur gætt hagsmuna bandarísku stórverslanakeðjunnar Costco hér á landi. Fram hefur komið að bandaríska stórverslanarkeðjan Costco muni opna verslun í Garðabæ, í Kaupþúni 3, skammt frá IKEA. Costco hafði einnig til skoðunar að setja niður verslun við Korputorg í Reykjavík, en Garðabær hefur orðið ofan á.

Costco selur ýmiss konar matvörur

og neytendavörur. Í umræðu hefur verið að Costco hafi gert kröfur um að geta selt áfengi eða lyf í verslunum sínum. Guðmundur Ingvi segir að spurst hafi verið fyrir um þessi mál, en engra breytinga krafist.

Costco rekur hundruð verslana víða um heim og mun vera annar stærsti smásali í Bandaríkjunum. Á heimasíðu fyrirtækisins er greint frá því hvar væntanlegt sé að fyrirtækið opni nýjar verslanir. Ísland er ekki komið á þann lista enn sem komið er, en þar er greint



frá væntanlegri opnun þriggja verslana í Bandaríkjunum og Mexíkó í mars og apríl á þessu ári. Costco fyrirtækið eignaðist lénið costco.is 13. mars í fyrra.


# Netbanki sem er mótaður af viðskiptavinum sínum

Nýr netbanki Landsbankans hefur verið endurhannaður frá grunni og byggir á ítarlegum notkunarmælingum og þeim aðgerðum sem viðskiptavinir nota mest. Kynntu þér nýjan netbanka á [landsbankinn.is/netbanki](https://landsbankinn.is/netbanki).

Helstu aðgerðir við höndina

Einfaldari leiðir

Hentar vel fyrir spjaldtölvur



## LEIÐARI



## Er lekamálið þá búíð?

Umboðsmaður Alþingis skilaði í gær skýrslu til Alþingis um lekamálið. Þar segir meðal annars – og ákaflega skýrt – að afskipti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi innanríkisráðherra af lögreglurannsókn lekamálsins voru alls ekki við hæfi. Þau samrýmdust ekki reglum.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd var fljót að setjast niður til ópins fundar til að ræða málið. Spyrja má hvort þingmönnum hefði ekki átt að gefast ráðrúm til að lesa skýrslu umboðsmannsins vel fyrir slíkan fund. Hvað um það. Fundurinn var haldinn.

En er þá lekamálinu loksins lokið? Því verður að svara neitandi. Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur sagt af sér ráðherraembætti. Hún sinnir enn þingmennsku og er varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin hefur boðið henni á sinn fund til að ræða eða skýra ýmis ummæli sem hún hefur látið falla í þessu máli, meðal annars í ræðustól Alþingis.

Lausir endar eru fleiri. Hér í blaðinu spyr Atli Þór Fanndal hvað formaður Sjálfstæðisflokksins vissi um málið. Svör við slíkum spurningum skipta máli. Sama má segja um vitneskju forsætisráðherrans.

Málið hefur haft miklar afleiðingar. Ekki aðeins fyrir þær manneskjur sem brotið var á með lekanum, heldur einnig fyrir Alþingi, ríkisstjórnina og stjórnsýsluna. Ráðherra sagði af sér, aðstoðarmaður var dæmdur í fangelsi, ráðuneyti var skipt upp. Lögreglustjóri sagði upp starfi sínu.

Rannsókn rekstrarfélags stjórnarráðsins á tölvupóstsamskiptum snemma á síðasta ári var ákaflega takmörkuð. Það hefur komið á daginn. Þetta vissu margir snemma, enda þótt almenningur hefði ekki verið upplýstur um það fyrr en síðar, að sú rannsókn tók einungis til netfanga í sjálfu ráðuneytinu. Samt sem áður var niðurstaðan kynnt eins og tæmandi rannsókn hefði verið gerð. Á daginn kom að aðstoðarmaður Hönnu Birnu, sem nú hefur verið dæmdur fyrir sjálfan lekan, sendi skjalið úr vefpósti ótengdum ráðuneytinu. Það gat athugun rekstrarfélagsins aldrei getað leitt í ljós.

Tæplega er við rekstrarfélag stjórnarráðsins að sakast í þessum efnun. Rekstrarfélagið er ekki rannsóknarstofnun eða lögregla. Hins vegar má spyrja um þátt ráðuneytisstjórans í innanríkisráðuneytinu við opinbera kynningu á niðurstöðum þeirrar rannsóknar; rannsóknar sem af þeim sökum hefur réttilega verið kölluð hvítþvottur hér í blaðinu.

Lekamálinu er ekki lokið. Það er gott ef einhverjir geta dregið lærdóma af málinu eins og það liggur fyrir nú. En um leið má spyrja hvort allir sem hana eiga hafi viðurkennt eða axlað ábyrgð sína.

Ingimar Karl Helgason

# 100 viðburðir í Reykjavík

Það er mikilvægt að Reykjavíkurborg ætla að minnst þess með afgerandi hætti að 100 ár eru síðan fyrstu konurnar fengu kosningarétt og kjörgengi til alþingis. Það hollt fyrir okkur að stalda við og átta okkur á hve stutt er síðan það þótti sjálfsgagt að ákvarðanir væru teknar eingöngu af körlum. Þetta var því afar mikilvægur áfangi í kvennabaráttunni. Það er samdóma álit allra sem rannsakað hafa áhrif kvenna á stjórnarmál að það skipti verulegu máli að konur hafi þar áhrif til jafns á við karla.

Þær konur sem sæti átta á alþingi fyrstu áratuginu voru með aðrar

áherslur er karlarnir enda reynsluheimur þeirra gjörólíkur. Konur unnu aðallega að þeim málum sem konur og kvennasamtök voru að berjast fyrir á hverjum tíma hvort sem þær voru fulltrúar kvennalista eða stjórnarmálaflokka. Af málum sem konur settu á dagskrá má nefna byggingu Landspítala, réttindi kvenna og barna, sífjaspell, ofbeldi gegn börnum, kynferðisofbeldi, heimilisofbeldi, mansal og fleiri mál sem bitna í meira mæli á konum og börnum og karlmenn eru í yfirgnæfandi hluta gerendur.

Það er því viðeigandi að Reykjavík muni Lögregla, Velferðarsvið Reykja-

## Ummæli með erindi:

„Óttinn við útlendinga er sérstaklega slæmur og bjánalegur einmitt núna – þegar milljón Sýrlendingar eru á flotta – og rétt eins og þegar milljón gyðingar

voru á flotta þá er lok lok og læs hér uppi á skeri.“

- Andri Snær Magnason á Facebook í vikunni



### HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

#### Spinnispinn ...

Greint var frá því á dögunum að lækni nokkur hyggðist flytja heim frá Bandaríkjunum. Þetta var tengt glimrandi samningum lækna við ríkið en þá var blekið á undirskriftunum varla þornað. Sumar fjölskyldur eru fljótar en aðrar að taka ákvarðanir um kúvendingu á höfum sínum og flutning milli landa ... Í öðrum fréttum hefur ekki farið hátt að allir þeir lækna sem sögðu upp eða tilkynntu um uppsagnir á síðustu vikum og mánuðum hafi tekið þær aftur þrátt fyrir hina glimrandi samninga.

#### Mistökin

Gústaf Nielsson kom og fór sem varamaður Framsóknarflokksins og flugvallarvina í mannréttindaráði Reykjavíkur. Talað hefur verið um plott framsóknar svo hægt yrði að mótmæla rasisma í flokknum, líkt og forystumenn í Sjálfstæðisflokknum afgreiddu Ásmund Friðriksson snaggarlega um daginn. Hins vegar kom í ljós að oddviti framsóknar í borginni skýrði „mistök“



#### Áhugi

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis blés til skyndifundar eftir að Umboðsmaður Alþingis opinberaði skýrslu sína um lekamálið. Fundurinn var sendur út á vef Alþingis sem fór á hliðina. Áhuginn á lekamálinu er því augljóslega mikill.

#### Viðsnúningurinn

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar hefur verið óþreyt-


andi að tala um „viðsnúninginn“ í fjármálum ríkisins. Raunar hefur enginn viðsnúningur verið, þar sem staða ríkisins hefur farið óslitið batandi frá árinu 2010 og fékk núverandi ríkisstjórn þann árangur með sér í veganesti. Hins vegar hefur orðið viðsnúningur á einum stað. Hagvöxtur er nú á niðurleið, en þá kenna menn Hagstofnunni um loftárásir eða þegja þunnu hljóði ...

#### Gleymskan

Enn er lagt til að farið verði framhjá rammaætluninni sem Alþingi hefur samþykkt. Lögbrot segja sumir eðlilega og réttilega. Einu sinni var gerð sátt á Alþingi Íslendinga og henni fylgdu þessi orð: „Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða.“ Sennilega eru menn búnir að gleyma þessu.

#### Brandarinn

Ólafur Thors sem lengst allra gengdi formennsku í Sjálfstæðisflokknum lést á gamlársdag árið 1964. Hálfra aldar ártíðar hans var minnst í Valhöll vikunni. Farið var yfir þessi þriggja vikna gömlu tímamót á tæpum þremur mínútum í fréttum Sjónvarpsins. Ekki aðeins voru flutt gamanmál ritstjóra Morgunblaðsins um Ólaf Thors heldur einnig brandari um síðustu ríkisstjórn. Nú er loksins upplýst að flokkshollum sjálfstæðismönnum finnst Davíð Oddsson fyndinn og hafi fréttastofan þökk fyrir.



Höfundur er Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

og tækifærum kynjanna og um leið að taka þátt í hátíðarhöldum og viðburðum til að minnst þessa merka áfanga í jafnréttisbaráttunni.

### Í FRÉTTUM

#### Prósentíð

Fréttastofa Rúv greindi frá því að eitt prósent landsmanna á hátt í fjórðung allra eigna í landinu. Ríkustu tíu prósent landsmanna eiga næstum 75 prósent eigna. Þetta heitir misskipting. Hún hefur vaxið og þessu verður að breyta. Það er engin afsökun að misskiptingin sé meiri annars staðar.

#### Vítahringurinn

Ríkisútvarpið greindi frá fjölskyldu sem lenti í vítahring smálánafyrirtækjanna. Starfsemi þessara fyrirtækja hefur verið harðlega gagnrýnd einmitt vegna svona mála, þar sem vextir og kostnaður hlaðast upp, lenti fólk einu sinni í vanskilum. Enginn virðist vita hver á þessi fyrirtæki, þau draga að skila ársreikningum og hafa verið sektuð af Neytendastofu fyrir brot á lögum. Samt breytist ekki og þau starfa áfram óhindrað.

#### Meðferðin

Björgvin G. Sigurðsson fyrrverandi ráðherra og framkvæmdastjóri Ásahrepps greiddi sér laun fyrirfram og tók út á kort hreppsins án leyfis upplýsti Fréttablaðið. Þetta mun hafa verið endurgreitt, en Björgin hyggst sækja sér aðstoð við persónulegum vanda. Ungliðar í flokki hans hafa krafist þess að hann segi af sér varaþingmennsku. Ekki hefur frétt af lyktum málsins.



#### Hið opinbera

Kastljós fjallaði um vinnuferðir ríkisstarfsmanna. Sumir hafa af því miklar áhyggjur að ríkisstafsmenn nýti vildarpunkta Icelandair í eigin þágu. Það ættu þeir auðvitað ekki að gera. Rætt var við þingmenn og ráðherra, en ekki kom spurningin um hvort hinir kjörnu fulltrúar hafi eignað sér vildarpunktana á endalausum þeytingi sínum í opinberum erindagjörðum.

#### Bronspakkinn

Sorpa var dæmd í héraði fyrir að misnota „markaðsráðandi stöðu“ í sorphirðu. Sorpa er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og veitir íbúum þeirra mikilvæga grunnþjónustu. Félagið er rekið fyrir íbúa en ekki með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi. Þetta kemur því á óvart. Spyrja má hvort það komi að því að fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni kæri ríkið fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu á „markaði fyrir veika og slasaða“.

#### The Biggest ...

Fréttatíminn greindi frá því á forsíðu að Vilhjálmur Birgisson verkalýðsforingi á Skaganum hefur misst 30 kíló fyrir tilstuðlan breytts mataræðis og hreyfingar. Kvíknar þá spurningin um hver verði „The Biggest Loser“ í kjaraviðræðum ársins ...

### REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

3. TBL. 6. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Vefvang: fotspor.is, Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com, Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarbláðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarbláðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islensturmatur.is. Umbrot: Prentsníð, Prentun: Landsprent, 50.000 eintök. Dreifing: Pósti/dreifing

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

# REYKJAVÍK

Auglýsingasíminn er 578 1190

# ÚTSALA! ÚTSALA!

## 20-60% afsláttur af öllum vörum

20-40% af öllu frá HOUSEDOCTOR



WILBO frá Habitat  
2ja sæta sófi 122.500 kr.  
Áður 175.000 kr.  
4 litir

30% afsl.



50% afsl.

ERMITAGE frá Habitat  
3ja sæta svefnsófi 135.000 kr.  
Áður 270.000 kr.  
3 litir



20-40% af öllu frá ETHNICRAFT

30% afsl.

KNOT frá Habitat  
kollur  
Verð 13.650 kr.  
Áður 19.500 kr.  
4 litir

30% afsl.

OAK SLICE  
Borðstofuborð  
(gegheil eik)  
frá Ethnicraft  
Útsöluverð frá  
118.300 kr.  
Nokkrar stærðir

60% afsl.

ENOCH  
kertastjaki  
frá Habitat  
Verð 2.360 kr.  
Áður 5.900 kr.

40% afsl.

PARNASSE  
afmælisstellið  
Hannað af  
Terence Conran

40% afsl.

BALTHASAR frá Habitat  
3ja sæta sófi 117.000 kr.  
Áður 195.000 kr.  
Litir: blár,  
gulur,  
rauður

TRIPOD frá Habitat  
Borðlampi 8.750 kr.  
Standlampi 25.900 kr.  
Útsöluverð

20-60% af öllum vörum frá HABITAT



30% afsl.

Skermur ekki innifalinn í verði

# habitat



# TEKK COMPANY

## MENNINGIN

# Mikið tækifæri að leika með sinfóníuhljómsveit

„Ég lék píanókonert í a-moll eftir Robert Schumann. Það eru til endalaust margir fallegir píanókonertar svo ég var lengi að hlusta og reyna að finna út hvað ég vildi spila. Schumann konertinn fannst mér einstaklega lýriskur og talandi, og hann er einn þekktasti rómantíski píanókonertinn. Tónmál Schumanns er skemmtilegt, það er öðruvísi, og það var gaman að kynnast honum betur, svo ég er ánægð með að hafa valið hann.“ segir hin nítján ára Erna Vala Arnardóttir, ein fjögurra ungu einleikara sem lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrr í janúar. Undanfarnir ár hefur hljómsveitin staðið fyrir keppni fyrir unga einleikara og einsöngvara og fá þeir fjórir sem bera sigur úr býtum að koma fram með hljómsveitinni.

Erna Vala sem stundar nám í píanóleik hjá Peter Máté við Listaháskóla Íslands hóf að læra á hljóðfærið sjö ára gömul í óformlegri einkakennslu þar sem kennt var á lítið hljómborð. Hana langaði að læra meira og tíu ára gömul byrjaði hún í tónlistarskóla. „Mér hefur alltaf þótt píanó vera fallegasta hljóðfærið, en það sem hefur haft mestu áhrifin var að ég hlustaði alltaf á eldri systur mína æfa sig. Þá sagði ég við sjálfa mig að einhvern tíma skyldi ég geta spilað eins vel.“

## Ekki að leita að vitlausum nótum

Schumann konertinn lærði Erna Vala fyrir keppnina í nóvember en mánuðina fram að tónleikum nýtti hún til að æfa sig í að leika verkið sterkt til að geta búið til mikinn hljóm í Eldborg og til að koma til móts við hljómsveitina. Hún segir það krefjast mikins styrks að leika með heilli hljómsveit. „En það er ekki síður mikilvægt að undirbúa hugann til að standa frammi fyrir yfir

þúsund manns og ætla að spila í meira en hálf tíma. Maður þarf að hafa hugfast að maður kann verkið út og inn, samt getur alltaf eitthvað gerst, og það er ekki heimsendir. Fólkið er bara komið til að njóta tónlistarinnar, ekki til að leita að vitlausum nótum.“

## Fékk styrk frá hljómsveitinni

Það kom Ernu Völu á óvart hversu vel henni leið á sviðinu á fyrstu æfingunni en hún hafði talið að sér myndi finnast stærðin á salnum yfirþyrmandi, sérstaklega þegar engir áhorfendur væru á staðnum. Hún segir örlítið stress hafa gert vart við sig fyrir fyrstu æfinguna með hljómsveitinni enda aldrei leikið með sinfóníuhljómsveit áður. Það hafi þó horfið þegar hún byrjaði að spila og sér þá líðið mjög vel enda fengið styrk frá hljómsveitinni, hljómgæðum salarinnis og píanóinu. Stundum hafi flogið í gegnum hugann hugsanir á borð við „Hvað ef ég ruglast, hvað ef ég man ekki hvað kemur næst?“ en þeim hafi hún vísað frá jafnharðann, fundið öryggið aftur og hlustað. Þegar kom að tónleikum sjálfum leið henni einnig vel. „Þegar ég gekk fram í salinn á tónleikum sjálfum tók ég eiginlega ekki eftir fjöldanum. Ég man ekki einu sinni eftir því að hafa heyrt fólkið klappa. Ég hugsaði bara um það sem ég var að fara að gera, um Schumann, og að hafa gaman að því að spila. Eftir á för ég út í sal til að hlusta á afganginn á tónleikum, og þá fyrst tók ég eftir því hvað voru margir í salnum.“

## Gott fyrir öryggið að leika með hljómsveit

Erna Vala segir það mikið tækifæri fyrir ungt tónlistarfólk til að safna sér reynslu að fá að taka þátt í keppni líkt og þeirri sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir árlega, það styrki og hjálpi við að byggja upp öryggi. Auk þess sem það sé afar skemmtilegt. Hún hefur nú sagt skilið við Schumann og er byrjuð á nýjum verkefnum sem hún hefur hlakkað til að takast á við. Meðal þeirra eru æfingar fyrir inntökupróf í tónlistarháskólum erlendis auk þess sem stefnan er tekin á námskeið utan landssteinanna í sumar. „Að fá að spila



Erna Vala við flygilinn.



Ungir einleikarar léku með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Hildur Björgvinsdóttir



með góðri hljómsveit í stórum sal er ekki á færi margra, svo það er mjög gott fyrir ferilskrána ef maður ætlar að sækja um í góðum tónlistarháskóla.“

## Tími fyrir allt sem maður vill

Það er afar misjafnt hversu mikið Erna Vala æfir sig á píanóíð á degi hverjum, fer allt eftir því hvernig liggur á henni og hvað annað liggur fyrir. Suma daga gleymir hún sér við hljóðfærið og æfir þá stíft allan daginn, aðra daga þarf hún að sinna öðrum áföngum í skólanum. „Ég held að ég æfi mig aldrei

minna en svona 3-4 tíma á dag, en ég veit það ekki því ég þæli aldrei í því. Ég æfi mig bara þegar ég vil æfa mig þangað til ég vil stoppa. Mér finnst alltaf best að koma oftar en einu sinni að hljóðfærinu á dag, þá helst orkan betur uppi.“ En þó hún eyði mestum tíma við hljóðfærið segir hún að tími sé fyrir allt sem maður gefi sér tíma fyrir og þannig njóti hún þess einnig að búa til mikið af góðum og hollum mat, fara út að hlaupa, í fjallgöngur og í jóगतíma af og til.

## Ekki missa af ...

...Skepnu Einleikurinn Skepna hefur nú verið endurvakinn í Tjarnarbíói en hún hlaut góðar undirtektir áhorfenda og gagnrýnda þegar hún var sýnd á Norðurljómsveit og í Leikhúsbatteríinu. Verkið, sem er einleikur, fjallar um persónur sem flestar tengjast hræðilegum glæp.



Þær burðast með myrkríð og dreymir um að binda endi á hringrás hatus og beiskju. Ýmsum spurningum er varpað upp, svo sem hvort gera þurfi eitthvað í málunum eða hvort sýna eigi heiminum fingurinn og fara í bíó. Leikari er Bjartmar Þórðarson og leikstjóri er Guðjón Þorsteinn Pálmarrson. Sýnt verður 29. janúar og 8. febrúar.

...Hvað á barnið að heita? Þann 1. febrúar lýkur sýningu á skírnar og nafnakjólum B e r g l i n d a r Birgisdóttur í Horninu á Gerðubergi. Berglind sem er menntaður klæðskeri og textilkennari saumar kjólana meðal annars úr gömlum sængurverum, munnþurrkum og gardínum sem



gerir hvern kjól einstakan þótt grunn-sniðið sé einfalt. Á sýningunni er lögð áhersla á nöfn og þekja íslensk stúlkna og drengjanöfn veggi, nafnabók er á staðnum og nafn dagsins er birt daglega. Sýningin er opin 9-18 virka daga og 13-16 um helgar.

...Sögum frá Reykjavík og Varnaliðinu Nú standa yfir tvær sýningar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu (á efstu hæð Borgarbókasafnsins). Í Kubnum sýnir Þórdís Erla Ágústsdóttir myndaröð sem gefur innsýn á reykvisk heimili. Myndirnar samanstanda af uppstilltum hóp-portrettum sem ljósmyndarinn stýrir. Þórdís Erla fordast leikrænar senur og leitast við að skapa úr aðstæðum eins og þær koma fyrir.

...Á hinni sýningunni gefur að líta verk Braga Þórs Jósefssonar af mannlauðu svæði varnaliðsins sem var lokað árið 2006. Svæðið þekkja fáir Íslendingar af raun en þar var rafmagnið 110 volt og vatnið var hreinsað með klór. Myndirnar sýna yfirgefna ameríska herstöð í íslensku hrauni.

...Binni. Myndir frá Ólafsfirði 1930-1980. Sýning á ljósmyndum Brynjólfs Sveinssonar (1914-1981), áhugaljósmyndara, kaupmanns og stöðvarstjóra Póst og síma í Ólafsfirði. Sýningin er í Sjóminjasafninu í Reykjavík til 8. Mars og er opin alla daga milli kl. 10 og 17.

## Er húsfélagið í lausu lofti?

Vantar óháðan aðila til að annast málefni húsfélagsins eða rekstrarfélagsins?

» Eignaumsjón er óháður fagaðili þegar kemur að rekstri húsfélaga og rekstrarfélaga – og því frábær lausn fyrir eigendur atvinnuhúsnæðis. Í okkar umsjá eru í góðum höndum – við sjáum um fjármálin, fundina, undirbúning framkvæmda og viðhalds og annarra þátta sem þarf að leysa.




# Við treystum á

# hreysti



**maxi**  
NUTRITION

Maxinutrition vörurnar eru aðeins framleiddar úr hágæða hráefnum. Framleiðsla Maxinutrition er undir mjög ströngu gæðaeftirliti. Þessa blanda af gæðum, virkni og áreiðanleika hefur gert Maxinutrition fæðubótarefnið að eftirlæti íþróttafólks.



## maxifuel

### VIPER ACTIVE

Hindrar vökvatap og viðheldur orku og ákveðni meðan á álagi stendur!  
750 g - 21 skammtur

Verð kr. 4.995.-



## maxifuel

### VIPER RECOVERMAX

Allsherjar endurhleðsla sem fyllir á orkubirgðir líkamans og flýtur endurhleðslu.  
750 g - 10 skammtar

Verð kr. 5.995.-



## maxi

### PROMAX

Háhreinsuð blanda mysu-próteina sem tryggir hámarks aminosýruflæði og endurhleðslu. Sérstaklega gott í meltingu!  
960 g - 32 skammtar

Verð kr. 7.995.-



## maxi

### CYCLONE

Einstök samsetning af mysupróteini og nauðsynlegum næringarefnum sem styðja vöðvaxt, auka styrk og úthald auk mikilvægrar endurhleðslu.  
1,32 kg - 22 skammtar

Verð kr. 9.995.-

Komdu og fáðu ráðleggingar hjá fagfólki  
allt fyrir kroppinn

# HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS  
Sendum um land allt.

Arnór Atlason  
Atvinnumaður í handbolta

Alexander Peterson  
Atvinnumaður í handbolta

## ÚTTEKT

atli@thorfanndal.com



Atli Þór Fanndal

Lekamálið:

# Hvað vissi Bjarni Benediktsson?

Umboðsmaður Alþingis hefur nú birt álit sitt vegna afskipta Hönnu Birnu Kristjánsdóttur Innanríkisráðherra á lögreglurannsókn vegna lekamálsins. Umboðsmaður staðfestir það sem áður hefur komið fram og segir ljóst að Hanna Birna hafi hvorki virt reglur né hefðir og að hún hafi farið langt út fyrir valdsvið sitt. Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, var í ágúst mánuði spurður út í þátt sinn í lekamálinu í innanríkisráðuneyti varaformanns flokksins. Allt frá því í janúar sama ár hafði Hanna Birna fullyrt að „athugun ráðuneytisins og rekstrarfélags stjórnarráðsins staðfesti að trúnaðargögn vegna [lekamálsins] hafi einungis farið til þeirra aðila sem samkvæmt lögum eiga rétt á þeim“. Ráðherrann hafði þó þegar í nóvember árið 2013 fullyrt að gögn lekamálsins gætu ekki komið úr ráðuneytinu.

## Heyrir undir Bjarna

Rekstarfélag Stjórnarráðsins, sem hefur engar eftirlitsskyldur, heyrir undir fjármálaráðuneytið og er á ábyrgð Bjarna. Leynd hvíldi frá upphafi yfir rannsókn rekstrarfélagsins. Hvorki beiðnum um afhendingu gagna né almennum fyrirspurnum um eðli rannsóknarinnar var svarað svo mánuðum skipti. Raunar neitaði Guðmundur Kjærnested, framkvæmdastjóri félagsins, lengi að staðfesta að nokkur rannsókn hefði farið fram. Gögn um rannsókn rekstrarfélagsins voru loks afhent í nóvember á síðasta ári. Þau sýna að enginn vafi er á að rannsóknin var langt því frá að vera ítarleg. Þá er ljóst að innanríkisráðherra, aðstoðarmönnum og Ragnhildi Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra mátti frá upphafi vera ljóst að um hvítþvott var að ræða. Öll fengu þau skjalið, sem lekið var, í tölvupóstfang sitt klukkan 17:17 daginn áður en það birtist á forsiðu valinna fjölmiðla.

## Kíkin fyrir blinda augað

DV spurði Bjarna í ágúst hvort að hann óttaðist ekki að hann væri meðsekur um yfirhlyngu í lekamálinu þar sem Rekstarfélagið hefði gert rannsókn sem nýtt hefði verið við hvítþvott. Á þeim tíma var ljóst að rannsóknin hafði hvorki verið fugl né fiskur þrátt fyrir að enn neitaði fjármálaráðuneytið og rekstrarfélagið að afhenda fjölmiðlum gögn til staðfestingar á rannsókninni. Hæstiréttur hafði í maí birt gögn sem tengdust rannsókn lekamálsins. Þau staðfestu að innanríkisráðherra og aðstoðarmenn fullyrtu gegn betri vitund að engum trúnaðargögnum um hælisleitandur hefði verið lekið úr ráðuneytinu. Lögreglan taldi einsýnt að skjalið hafi borist þaðan og að því hafi verið lekið til að sverta mannorð hælisleitandans. Opinberlega hafði Bjarni því nægar upplýsingar til að sjá að ráðherra flokksins hefði beinlínis og ítrekað farið með rangt mál. Þá staðfestir hann í viðtalinu vitneskju um eðli rannsóknar rekstrarfélagsins. Samt kaus Bjarni ekki aðeins að umbera ráðherra-setu Hönnu Birnu heldur lýsti ítrekað opinberlega stuðning við hana.

## Ábyrgð Bjarna

„Nei, þetta er algjörlega fráleit nálgun,“

svaraði Bjarni spurningu DV um ábyrgð sína á að hafa hylmt yfir ósannindum Hönnu Birnu, í ljósi þess að rekstrarfélagið heyrir undir hann. „Hún er bara algjörlega fráleit og tekur ekkert tillit til þess hvers eðlis athugun rekstrarfélagsins var,“ hélt Bjarni áfram. Hann neitaði að tjá sig um eðli rannsóknarinnar en sagði hana aðeins hafa snúið að tölvupóstsamskiptum. Í ágúst höfðu gögn um rannsóknina ekki verið afhent fjölmiðlum. Í sama viðtali var Bjarni spurður hvers vegna hann tryði Hönnu Birnu frekar en saksóknara. Þá sagðist hann engin dómsskjöl hafa lesið um málið. „Ókei. En samt treystirðu henni?“ spurði blaðamaðurinn. „Ég treysti ráðherranum til að gegna þeim verkefnum sem henni hafa verið falin og ég hef átt í ágætum samskiptum við hana og fengið skýringar sem ég hef metið fullnægjandi,“ sagði Bjarni sem í sama viðtali staðfestir að hann hafði vitneskju um anmarka rannsóknar rekstrarfélagsins.

## Leynd fram í október

Tölvupóstsamskipti framkvæmdastjóra rekstrarfélagsins og ráðuneytisstjóra innanríkisráðuneytisins, sem afhent voru Reykjavík vikublaði í lok nóvember, staðfesta endanlega að Þórey Vilhjálmisdóttir, aðstoðarmaður Hönnu Birnu, hafi gegn betri vitund fullyrt að

rannsókn rekstrarfélagsins hefði tekið fyrir leka úr ráðuneytinu. Samskiptin áttu sér stað í janúar. Samt héldu ráðherra og aðstoðarmenn hennar áfram að fullyrða annað. Þá kemur einnig fram að rekstrarfélagið aðhafðist ekkert fyrir en um miðjan janúar 2014. Þrátt fyrir það hafði innanríkisráðuneytið allt frá 22. nóvember 2013 fullyrt að ekkert bendi til þess að umræddu skjali hafi verið lekið úr ráðuneytinu. Hanna Birna hafði frá 3. desember 2013 haldið fram að hún hafi gert allt í sínu valdi til að leita svara. Skjalið fundist ekki. Skjalið var meðal annars í tölvupósti ráðherrans en merkilegt er þó að hvítþvottarrannsókn rekstrarfélagsins fór ekki fram fyrir en um miðjan janúar. Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður Hönnu Birnu, játaði lekann í nóvember síðastliðnum.

## Furðuleg túlkun

Þáverandi innanríkisráðherra og starfsfólk hennar hafa sett fram ansi „frjállega“ túlkun á niðurstöðu rannsóknar rekstrarfélagsins. Það kom á daginn þegar rannsóknargögnin voru birt, en þetta hafði blaðamaður raunar heyrt frá hátt settum aðilum í stjórnslunni síðasta sumar. Þá hafði enn ekki fengist formleg staðfesting á að rannsókn félagsins hefði átt sér stað. Ráðuneyti Bjarna Benediktssonar hafði þá synjað Reykjavík vikublaði og öðrum fjölmiðlum um afhendingu gagnanna.

## Hvítþvotturinn

Reykjavík vikublað fjallaði ítarlega um rannsókn rekstrarfélagsins um miðjan febrúar á síðasta ári. Í umfjöllun blaðsins kom fram að rannsókn rekstrarfélagsins væri meðvitund tilraun til hvítþvottar. Þannig kom fram að starfsfólk innanríkisráðuneytisins hefði gert athugasemd við að félag með engar eftirlitsskyldur væri falin rannsókn. „Gagnrýni starfsmanna á rannsókn



„Ég treysti ráðherranum,“ sagði Bjarni meðal annars og taldi skýringar Hönnu Birnu yfirleitt fullnægjandi. Mynd: Norden.org

rekstrarfélagsins var að sögn svarað af nokkri léttúð og bent á að slík rannsókn myndi nægja til að opinberlega mætti fullyrða að ráðuneytið hefði rannsakað málið og að ekkert hefði fundist. 10 desember síðastliðinn óskaði ríkissakóknari eftir upplýsingum ráðuneytinu. Aðeins eftir að ríkissakóknari hóf afskipti af málinu var félagið sett í að athuga tölvupósta. Sú rannsókn var því ekki að frumkvæði ráðuneytisins líkt og Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra hefur ýjað að heldur til að veita saksóknara svör við upplýsingabeiðni sinni um leið og opinberlega mætti halda því fram að málið hafi verið kannað af viðeigandi krafti,“ segir í umfjöllun Reykjavíkur vikublaðs fyrir ári síðan.

## Studdi Hönnu Birnu

Frá upphafi var það opinber afstaða Bjarna að styðja Hönnu Birnu. Bjarni gekk raunar svo langt að neita á Alþingi fyrir sakamálarannsókn, sem þó var þegar opinber og óumdeilanlegt að ætti sér stað. Skömmu áður en DV spurði Bjarna um þátt sinn í að hylma yfir verkum Hönnu Birnu hafði blaðið greint frá því að Hanna Birna hefði haft afskipti af rannsókn lögreglu. Þegar

Bjarni var spurður út í sinn þátt hafði Stefán Eiríksson þáverandi lögreglustjóri opinberlega sagt Morgunblaðinu frá afskiptunum. Umboðsmaður Alþingis hafði þá hafði rannsókn sem ekki er lokið.

Lögregla hafði þá lokið rannsókn, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd kallað ráðherra fyrir nefndina og rekstrarfélagið framkvæmt sína sýndarrannsókn. Opinberlega hafði innanríkisráðherra afskipti af rannsókn málsins; rak á eftir lögreglu og kvartaði yfir aðgangshörku í fréttatilkynningu á vef ráðuneytisins. Samt kaus Bjarni að gera ekki kröfu um að hún viki né að upplýsingar um rannsókn rekstrarfélagsins fengjust afhentar. „Þú hefur ekkert viljað kynna þér. . .“ var Bjarni spurður í sama viðtali við DV og áður var vitnað til , enda kom fram að hann hefði lítið kynnt sér úrskurði dómstóla um málið. „Ég hef ekki lesið dómsskjöl málsins. Takk fyrir,“ svaraði Bjarni og ítrekaði traust til Hönnu Birnu. Í ágúst voru dómsskjölin opinber og birt en rannsóknargögn rekstrarfélagsins, þeirri sem Bjarni virtist hafa greinargóða þekkingu á, voru aðeins aðgengileg í hans ráðuneyti.

## Skiptu upp ráðuneytinu

Í ágúst óskaði Hanna Birna eftir því að vika undan skyldum dómsmálaráðherra. Sú beiðni var lögð fram 16. ágúst en á ríkisstjórnarfundum 28. ágúst var skiptingin frágengin. Þar með var ljóst að Bjarni og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, umbáru ekki aðeins setu Hönnu Birnu, þrátt fyrir ósannindin sem nú eru ljós, afskipti af rannsókn og sinnuleysi gagnvart því að komast að niðurstöðu í málinu. Ekki er annað að sjá en að oddvitar ríkisstjórnarinnar hafi tekið virkan þátt í baráttunni fyrir ráðherra-stöðu varaformanns Sjálfstæðisflokksins.

Reykjavík vikublað óskaði eftir viðbrögðum frá Bjarna vegna þessarar umfjöllunar. Þeirri beiðni var ekki svarað. Aðstoðarmaður Sigmundar svaraði beiðni blaðsins en sagði ráðherra vera upptekinn.



Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði af sér embætti innanríkisráðherra. Hún er Alþingismaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Mynd: Pressphotos.biz



# 70% landsmanna velja Sjónvarp Símans

29,4%


Sjónvarp  
Vodafone

70,6%

Sjónvarp  
Símans

Hvort telur þú að Sjónvarp Símans eða  
Sjónvarp Vodafone standi framar?



 SKJÁRBÍÓ Í SJÓNVARPI SÍMANS

#### Ný könnun staðfestir yfirburði Sjónvarps Símans

Samkvæmt nýrri könnun velja 70% landsmanna Sjónvarp Símans þegar spurt er hvort Sjónvarp Símans eða Sjónvarp Vodafone standi framar.\* Þetta er afgerandi niðurstaða. Ert þú í hópi þeirra sem á eftir að kveikja? Þú getur meira með Sjónvarpi Símans.

Komdu inn á [siminn.is/sjonvarp](http://siminn.is/sjonvarp) og skiptu yfir!

# Læra má af sögunni

## Afdrifarik saga

Mér var kennt að búa penna úr álfta-fjöldur og nota hann en nú skrifa ég á tölvu. Þannig er Íslandssagan í hnotskurn. Af henni má draga margan lærðóm, bæði um sögu manns og náttúru.

Meðan þjóðin var lítil og lítt tæknivædd gengu náttúrunytjar sinn vana-gang. Maðurinn flutti dýrategundir og plöntur til landsins og raskaði jafnvægi í náttúrunni. Við þetta urðu verulegar breytingar á umhverfinu en þær þóttu sjálfsgöðar eða óhjákvæmilegar. Ungu þjóðfélagið lenti fljótlega í veðurfars-hremmingum. Svonefnd litla ísöld varð mönnum sérlega þung í skauti, frá 1500 til 1900. Meðalhiti lækkaði verulega, jöklar stækkuðu og hafiskomur urðu erfiðar.

Á 20. öld jukust náttúrunytjar margfalt á við nytjar alla Íslandsöguna fram að því. Erlendir og innlendir togarar plægðu mið upp í landsteina, gríðarlega víðtæk þurrkun mýra gekk yfir og landi var raskað t.d. vegna efnistöku, orkuöflunar og mannvirkja. Nytjar á hálendinu hófust, einkum með vegagerð og orkuvirkjunum. Stofnar húsdýra stækkuðu, beit jókst og veiðiálag á villta dýrastofna sömuleiðis. Úrgangur margfaldaðist og honum þurfti að

farga. Þrátt fyrir allt varð lítil umræða um þessar nytjar og afleiðingar þeirra fyrir en upp úr 1970

## Náttúran breytist

Ahrif mannsins á náttúruna eru jafnan metin á móti þeim breytingum sem eru innbyggðar í hana. Veðurfar breytist, líf í sjó og á landi er hverfult og landslag þróast. Margar breytinganna eru tengdar og jafnvægi hvers þáttar valt og oft finlegt. Stórskornustu breytingar undanfarnar fáeinar ármilljónir felast í jökul- og hlýskeiðum ísaldar sem hófst fyrir um 3 milljón árum á Íslandi. Við hámark jöklunar á hverju jökulskeiði voru allt að 90% landsins falin undir ís. Hlýskeiðin eru miklu styttri en jökulskeið og meðan á þeim stendur sveiflast ársmeðalhiti með ólíkum hætti. Við lífum á svona hlýskeiði, óvenju jafnhljú. Ekki er vitað hvenær því lýkur en líklegt má telja að svo fari og nýtt jökulskeið gangi yfir. Má ímynda sér hvaða ævintýrlegu breytingar það hefði í för með sér. Ísland yrði ónýtanlegt sem búsvæði og mannkynið yrði að þjappa sér á miðbik jarðar. Langt og hlýtt tímabil á næstunni mun aftur á móti ýta fólki til norðurs og suðurs og þrengja að mörgum þjóðum. Tæknin

hvorki bjargar iðnjóðum né minna þróaðri ríkjum frá dýrum vandræðum og nærtækum breytingum.

## Nýlegar umhverfisbreytingar

Eftir því sem fleiri jökul- og hlýskeið gengu yfir, hurfu barrtré en birki og elri (ölur) urðu að einu útbreiddu trjátegundunum meðan lyng, víðir og grastegundir áttu ávallt endurkomu. Loks hvarf elrið líka. Dýr á ísöld, einkum fuglar og spendýr til sjávar og lands náðu ávallt að komast af í ákveðnu jafnvægi, auðvitað með fækkun og fjölgun tegunda eftir tímáskeiðum.

Á jökulskeiðum var gróðurlendi lítið og dýralíf hánorrænt en hvert hlýskeið færði landið í horf sem líkist okkar dögum. Refir útrýmdu ekki vað- eða mófuglum né átu selir eða hvalir helstu fiskistofna út á gaddinn. Stærstu eldgos, megnuðu ekki að hamla gróðurfari eða dýralífi nema svæðisbundið og til tiltölulega skamms tíma.

Eftir lok síðasta jökulskeiðs tóku brátt við hlýindi sem líklega eru þau mestu á okkar hlýskeiði, að svo komnu máli. Þykk lurkalög í mýrum sýna að stór hluti láglandis klæddist birki, víði, lyngi ofl. Stór hluti birki-



Ari Trausti Guðmundsson

svæðanna hvarf svo undir stækkandi mýrar fáeinum árbúsundum síðar en aftur hlýnaði og þá breiddist birki út að nýju en í minna mæli en áður. Eftir þetta hefur aðallega hallað undan fæti, þrátt fyrir hlýindaskeið, t.d. skómmu eftir landnám, aftur 1920-1965 og nú síðustu tvo áratugi.

## Náttúrunytjar fram á 20. öld

Nær öruggt má telja að fólk hér á landi, milli 50 og 80 þúsund manns, stundaði lengst af ekki rányrkju á fuglastofnum, spendýrum í sjó eða fiskistofnun. Geirfugl er þar eina undantekningin. Fólk flutti fjölda dýra til landsins og til urðu stórar hjarðir húsdýra. Enn fremur var korn- og línærkt hafin. Rottur og mýs fylgdu manningum, en ekki aðrir nýbúar. Nokkrar fuglategundir settust að eða hurfu og svo hafa fisktegundir sýnt af sér sömu hegðun. Hreindýr komu til sögu seint á 18. öld, en minkar á þeirri 20.

Af öllu að dæma fólust afdrifarikustu náttúrunytjar landsmanna í húsdýrabeit, oft mikilli og mjög staðbundinni, og í skógarnytjum. Líklega voru 25-30% lands vaxin kjarrir eða hávaxnara birki. Viðarnytjar reyndust margvíslegar, auk þess sem skógar voru ruddir eða brenndir til að ná ræktar- og heimalandi í það horf sem þótti æskilegt. Þessu til viðbótar var skepnum beitt í kjarrlendi, ekki síður en mólendi. Vísendingar eru um að mjög víða hafi kjarr- og skóglendi

verið nær uppuríð á fáeinum öldum. Beitoland gerðist æ lélegra á mörgum stöðum uns það tók að eyðast með öllu. Viðarnytjar héldust fram eftir öldum en smám saman hurfu þær að mestu. Hluti skýringar á hnignun skóga er ekki fölginn í ofnýtingu heldur mörgu því ill- eða óviðráðanlega sem fylgir snöggu skógrofi, þ. e. hröðu jarðvegsrofi, auknu áfoki og skjólleysi. Annar hluti felst í versnandi gróðurskilyrðum vegna kólnunar. Forverar okkar hófu andóf og uppgræðslu upp úr aldamótunum 1900. Seinna kom til framræsla mýra og verður að telja hana stórfellda breytingu á gróðurlendi rétt eins og rányrkjuna á skóginum.

## Skógur og land

Erfitt er að skynja fyrri umhverfisbreytingar þegar horft er yfir ágætlega gróid en skóglaut mó-, mýra- og graslendi eða yfir býsna sjálfsgöðar auðnir. Okkur þykir hvor tveggja landgerðanna eðlileg af því við þekkjum landið þannig. En landgerðirnar eru það í reynd ekki og enn óeðlilegra er að finna tré á aðeins á um 2,5% landsins, að meðtöldum erlendum tegundum. Allt skóglendið er 50x50 km flötur dreifður á marga tugi meginstaða! Það er óeðlilegt ástand gróðurlendis, í veðurfari okkar.

Auðvitað er það svo, líti maður til Þórsmerkur, að svipað gróðurfari og þar er gæti verið í endilangri Fljóts-hlíð. Stór „Vaglaskógur“ gæti vaxið innarlega í Eyjafirði. Og kjarrlendið við Hvítárvatn ætti líka að þrífast í suðurhlíðum Bláfells ofan Hvítár. Gróna eyjan í Þjórsá, skammt frá Árnesi, er sýnishorn af fyrri gróðurfari í héraðinu. Firðirnir norðanvert í Breiðafirði eru ekki tilviljanakennd sýnishorn af kjarr- og skóglendi.

Nú er varla gerlegt eða æskilegt að sækjast eftir því að færa með handafla gróðurfari til fyrri horfs. Hitt má vera ljóst að auðnir, illa farið land, kjarr- eða skóglaut land og þurrkaðar mýrar eru ekki óhjákvæmilegar staðreyndir

## NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



**Skjót leið**  
til starfsmenntunar  
Skapaðu þér **pitt eigið** góðæri



www.meiraprof.is



**NÝI**  
**ÖKUSKÓLINN**

KLETTAGÖRDUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502 www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com



Frá Guðmundarlundi í landi Kópavogs.



Frá Tumastöðum í Fljótslíð.

Mynd: Skógrækt ríkisins.

heldur tilefni til landbóta. Með margvislegum aðgerðum er unnt að bæta verulega úr og auka náttúrunytjar, stækka frístundalönd, binda meira koldíoxíð til þess að ná markmiðum loftslagsbóta og auka fjölbreytni landslags. Einfaldasta aðgerðin er beitarfriðun og beitarstýring, líka í skóglendi, enda sést vel, t.d. í landnámi Ingólfs Arnarsonar, hve auðveldlega sjálfsáíð birki hefur breiðst út á 1-2 áratugum. Gróðursetning og sáning kemur til viðbótar

Deilt er um innfluttar trjátegundir sem vaxa á Íslandi. Tilviljunum væri háð hvort barrtré nái hér föstfestu, ef slíkar plöntur væru ekki fluttar inn. Stutt er síðan elri óx á Íslandi og skilyrði fyrir sum barrtré eru ágæt, en þau uxu hér fram eftir ísöldinni. Fuglar eða rekaviður geta borðið trjátegundir til landsins. Kæmi dvergfula eða elri hingað með þeim hætti yrði ekki gengið að trjánám til útrýmingar.

Langsótt er að halda því fram að barrtré“eigi ekki heima á Íslandi“. Við

höfum flutt lífverur til landsins. Aðrar lifa við“íslensk skilyrði“ í nágrenna löndunum og gætu borist hingað. Líta ber á innflutning nýrra trjátegunda sem hvern annan landbúnað, byggðan á erlendum lífverum. Vinnureglur um hvar heppileg ter að hafa erlend tré, í görðum, sumarbústaðalöndum eða til útivistar, eða nytja, verða að vera til. Ólíklegt að aspar- eða barrskógur þeki 5-10% lands nema stórfelldar loftslagsbreytingar komi til.

Ekki þarf að óttast að útsýni á Íslandi eða yfirbragð landsins verði“gjörbreytt, ljótt, yfirþyrmandi, útlenskt og skuggalegt“, svo vitnað sé í lýsingarorð sem heyrst hafa. Heilu héruðin eru og verða að mestu trjálaus. Kollsteypa í veðurfari getur gert Ísland að eins konar Skotlandi í fjarlægri framtíð. Fari svo, verða menn að sættast við það.

#### Skógrækt - reynslan og framtíðin

Útreikningar herma að 600 ferkílómetra af stórvöxnum lerki-, furu- eða



Skógar eru víða. Vaglaskógur er víðfemur á íslenskan mælikvarða. Mynd: Skógrækt ríkisins.

greniskógi þyrfti til að fullnægja helstu timburþörf landsins; aðeins 20 x 30 ferkílómetrar flötur. Nú eru markmið með skógrækt ólík en einhvers konar landbætur, umhverfishönnun og beinar nytjar eru þau algengustu. Trjáræktin er vel rúmlega aldar gömul og dylst engum að hún getur gefið vel af sér. Nú þegar vinna um margir við skógrækt, t.d. á Austurlandi; á við hóp í meðalútgerð eða hjá meðal iðnfyrirtæki. Nokkrir tugir ferkílómetra af nytjaskógi er á við stórt málmíðjuver.

Trjálendi, hvort sem er kjarr og skóglendi með birki, eða þá trjábelti og skógur með erlendum trjám er eftirsóknarverður vegna lífríkisins sem hann myndar, vegna jákvæðra áhrifa sem hann hefur á langflest fólk við útivist, vegna skjóls sem hann myndar og vegna nytja sem af honum má hafa. Öll tré skyggja á útsýni, líka birki, en það á ekki að vera efni í langar umræður vegna þess að skógur sem slíkur býður upp á innra útsýni: Skóginn sjálfan.

Lengi framan af var skógrækt borin uppi af einstaklingum, stundum í

félagi, og tilviljanakennt hvaða trjátegundir voru notaðar á hverjum stað og hvernig þeir staðir voru valdir. Smám saman hefur festan aukist og fleiri komið að, bæði ríkisstofnanir og starfandi bændur. Um leið hafa rannsóknir og skipulag skógræktar styrkst. Vissulega hefur vankunátta mjög oft leitt til allt of þéttar gróðursetningar og mönnum er gjarnt að grísa ekki skógarlundi.

Nokkrar erlendar jurtir eru ná tengdar skógrækt og umdeildar. Lúpínan er ein þeirra og skógar-kerfill önnur. Eins og sumt annað sem hingað barst af mannavöldum eru plönturnar á gráu svæði og við verðum að setta okkur við tilvist þeirra því útrýming er ófær.

Framtíð skógræktar er ekki hafin yfir umræður. Um hana eru og verða skiptar skoðanir. Þess vegna er mikilvægt að áætlanir og viðmið séu skýr, raunhæf og öllum kunn og í samræmi við meginmarkmið náttúruverndar. Almenn uppgræðsla og gróðurvernd eru eftir sem áður stærstu verkefni okkar.

#### Sátt við náttúruna

Náttúruvernd, bæði hugmyndafræðin og framkvæmdin, er langt ferli. Ljóst má vera að koma manna til Íslands breytti lífríkinu endanlega. Öldum saman höfum við orðið að setta samlíf gamalla og aðkominna lífvera og þannig verður það um ófyrirsjáanlega framtíð. Náttúrunytjar og náttúruvernd eru óaðskiljanlegar athafnir og mikilvægari Íslendingum en flest annað.

Löngu er kominn tími til að sættast við lífríki landsins og setja reglur um nýliðun og innflutning og hafa eftirlit með því hvað hingað berst, utan náttúrulegra ferla. Löngu er kominn tími til að menn hætti að setja stimplana“óargadýr“ og“meindýr“ á fugla eins og hrafn eða spendýr eins og ref og eyða hundruðum milljóna króna í að hefta útbreiðslu þeirra sem er sjálfstýrð að mestu. Varnir geta verið með öðrum hætti en drápum.

Í skógrækt er einnig nóg tilefni til náttúruverndar. Það þarf að hressa birkiskóga við, beitarfriða fleiri svæði, auðvelda sjálfsáningu birkis, stýra skógrækt með erlendum tegundum, stunda endurheimt votlendis og opna skóga betur fyrir almenningi svo eitthvað sé nefnt. Eflaust þarf töluverða fræðslu og umræður til að lína áhyggjur manna af trjám og bæta umgegni við gróður. Þegar horft er yfir afleiðingar aksturs, nær endalausar slóðalagningar, óásættanlegan frágang við framkvæmdir, slakan viðskilnað við efnisnám og kæruleysisumgengni á gróðursvæðum, er ekki að sjá að náttúran skipi nægan virðingarsess í augum allt of margra landsmanna, en það breytist áreiðanlega til batnaðar. Við erum öll óaðskiljanlegur hluti hennar.

# SÝRT HVALRENGI af langreyði, framleitt af Hval hf.

Fæst m.a. á eftirfarandi stöðum á þorranum:

**Bónus** - Um allt land  
**Esja Gæðafæði ehf.** - Bitruhálsi 2 - Reykjavík  
**Ferðapjónustan Bjarteyjarsandi** - Hvalfjarðarsveit  
**Fiskbúðin Sundlaugavegi 12** - Reykjavík  
**Fiskbúðin Trönuhrauni 9** - Hafnarfjörður  
**Fiskbúðin Hafberg** - Gnoðarvogi 44 - Reykjavík  
**Fiskbúðin Hófgerði 30** - Kópavogur  
**Fiskbúð Hólmgæis** - Pönglabakka 6 - Reykjavík  
**Fiskbúðin Mos** - Háholti 13-15 - Reykjavík  
**Fiskbúð Siglufjarðar** - Aðalgötu 27 Siglufirði  
**Fiskbúð Sjávarfangs ehf.** - Sindragötu 11 - Ísafirði  
**Fiskbúð Suðurlands** - Eyrarvegi 59 - Selfoss  
**Fiskbúðin Vegamót** - Nesvegi 100 - Seltjarnarnes  
**Fiskikóngurinn** - Sogavegi 3 - Reykjavík  
**Fjarðarkaup** - Hólshrauni 1b - Hafnarfjörður  
**Göltur ehf.** - Skipholti 70 - Reykjavík  
**Hagkaup** - Um allt land  
**Hnýfill ehf.** - Drefingaraðili - Brekkugötu 36 - Akureyri  
**Kjöthöllin** - Skipholti 70 og Háaleitisbraut 58-60 - Reykjavík  
**Kaupfélag Steingrímsfjarðar** - Höfðatúni 4 - Hólmavík  
**Kaupfélag Vestur Húnavetninga** - Strandgötu 1 - Hvammstangi  
**Kjarnafæði** - Fjölnisgötu 1b - Akureyri

**Kjarval** - Um allt land  
**Kostur** - Dalvegi 10 - Kópavogi  
**Krónan** - Um allt land  
**Kræsingar ehf.** - Sólbakka 11 - Borgarnes  
**Litla fiskbúðin** - Miðvangi 41 - Hafnarfirði og Háaleitisbraut 58-60 - Reykjavík  
**Matvæladreifing ehf.** - Kothúsavegi 16 - Garður  
**Melabúðin** - Hagamel 39 - Reykjavík  
**Múlakaffi** - Hallarmúla 1 - Reykjavík  
**Nettó** - Um allt land  
**Nóatún** - Um allt land  
**Skagfirðingabúð** - Ártorgi 1 - Sauðárkrókur  
**Strax** - Um allt land  
**Sægreifinn** - Geirsgötu 8, Reykjavík  
**Tómas & Sesselja ehf.** - Depla, Kolaportinu - Reykjavík  
**Úrval** - Um allt land  
**Verslunin Albína** - Aðalstræti 89 - Patreksfjörður  
**Verslunin Einar Ólafsson ehf.** - Skagabraut 9-11 - Akranes  
**Verslunin Rangá** - Skipasundi 56, Reykjavík  
**Víðir** - Skeifunni 11d, Sólvallagötu 79 - Reykjavík og Garðatorgi 1 - Garðabæ  
**Þín Verslun ehf.** - Seljabraut 54 - Reykjavík

## Hvalur hf.

Reykjavíkurvegi 48, 220 Hafnarfjörður  
 Skrifstofa: 555 0565 - Frvstihús (pantanasími): 555 0165



# GÓLF-MOTTUR við innganginn borga sig

**CORAL®**  
Vörn gegn óhreinindum og bleytu

**KJARAN GÓLFBÚNAÐUR**

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

**Það er alltaf gaman í Gaflaraleikhúsinu**



*"hló eins og brjálæðingur"*  
Frosti í Harmageddon

**Næstu sýningar**

**föstudagur**  
30. janúar kl. 20.00  
**UPPSELT**  
mílióar

**fimmtudagur**  
5. febrúar kl. 20.00

**565 5900**  
midi.is

**Konubörn**

**gaflara LEIKHUSIÐ**

**Krambúð**  
Skólavörðustíg 42  
opnum snemma - lokum seint  
matvara og videoleiga

facebook.com/krambud - Finndu okkur á facebook!

**REYKJAVÍK**  
Auglýsingasíminn er 578 1190

**MATARSÍÐA SVAVARS** svavar@islenskurmatur.is

Svavar Halldórsson

# Matarhetjur netheima




Undanfarin ár hefur netið breytt heiminum á óteljandi vegu; hvernig við fáum fréttir, hugsum, verslum, slöppum af og síðast en ekki síst . . . hvernig við eldum og borðum. Matarblogg njóta sífellt meiri vinsælda um allan heim og á flestum listum yfir vinsælustu blogg eða vefsíður er að finna matarblogg. Þær eru til í óteljandi myndum, sumar fjalla um einfaldan heimilismat en aðrar um finustu veitingahús heims, stundum eru þær skrifðar af einhverjum einum og stundum eru jafnvel þúsundir sem leggja til efnið.

**Rafrænar áhrifavaldar**  
Samanlagt hafa þessar síður mikil áhrif á neysluvenjur og matarmenningu, þótt þær séu misjafnlega áhrifamiklar. Auknar vinsældir þessara síðna haldast í hendur við mikla grósku í matarmenningu heimsins. Sumar snúast um ákveðnar stefnur eða lífsstíla á meðan aðrar eru meira í ætt við einhvers konar dagbækur. Sameiginlega veita þær hefðbundnum matarblöðum og -tímaritum mikla samkeppni. En prentið hefur samt ennþá vinninginn þegar kemur að sölu á auglýsingum, krónum og aurum.

**Fá lítið fyrir skrifn**  
Þetta veldur því að fáir matarbloggarar geta lifað af skrifunum einum saman, jafnvel þótt vinsældirnar séu miklar og lesendur teljist í þúsundum, hundruðum þúsunda eða milljónum. Margir vinna jafnframt fyrir hefðbundna miðla, skrifa greinar, bæklinga eða markaðsefni fyrir ferðamenn og mataráhugafólk. Þetta kann að vera ein ástæða þess að matarbloggarar hafa átt erfitt með að koma sér á kortið sem einhvers konar marktækir sérfræðingar um mat – jafnvel þótt margir þeirra séu það.

**Samfélagsmiðlar stækka lesendahópinn**  
Samfélagsmiðlar hafa hins vegar hjálpað til. Á vefsíðunni www.tastespotting.com er að finna þúsundir girnilegra ljósmynda af mat en að baki er hlekkur sem leiðir á vefsíðu eða blogg. Sú árátta að deila myndum á Facebook og Twitter hefur svo leitt til þess að vinsældir Tastespotting hafa rokið upp. Hinir nýju miðlar vinna þannig saman. En með vaxandi vinsældum matarblogga eykst líka samkeppnin. Ljósmyndir spila æ stærri rullu og nýir vefir slá þeim eldri við. Nú eru líka meistarakokkar og veitingastaðir farnir að halda úti blogggsíðum.

**Í fang hefðbundinna miðla**  
Þá hafa hinir hefðbundnu miðlar, blöð, sjónvarpsstöðvar og tímarit boðið vinsælum matarbloggum að skrifa fyrir vefútgáfur sinna miðla sem launaðir starfsmenn. Slíkt heyrir þó til undantekninga. Matarblaðamanni Reykjavíkur vikublaðs er ekki kunnugt um að nokkrum íslenskum matarbloggum hafi verið boðin slík vist hjá einhverju af íslensku fjölmiðlunum. Þó eru



nokkrir mjög góðir matarbloggarar sem skrifa á íslensku og má þar nefna lækniðinn í eldhúsinu, hjónin á bak við vinotek.is, Mariu Kristu og fleiri og fleiri. Svo er líka spurning hvar flokka skuli Gunnar Má, höfund þriggja metsölubóka um lágvöðvalífsstíl, sem hefur þúsundir fylgjenda á netinu.

**Bloggarar eða blaðamenn**  
En það er fleira sem greinir á milli hinna hefðbundnu fjölmiðla og matarbloggaranna. Almennt eru blaðamenn hefðbundinna fjölmiðla (flestra) bundnir af siðareglum, meðlimir í fagfélögum og undir vökulu auga og eftirliti ritstjóra sinna. Þeir þurfa því að hlíta ákveðnum reglum um boðsferðir, gjafir, vörúnnsetningar og faldar auglýsingar. Þótt línurnar geti stundum verið svolítið á reiki og gráu svæðin og pyttirnir margir, er þetta þó hin almenna regla í vestrænum fjölmiðlum. Þetta á hins vegar ekki við um matarbloggara á sama hátt. Flestir eru þó líklega heiðarlegir í skrifum sínum en alls ekki allir.


**Fáir svartir sauðir**  
Þeir fáu matarbloggarar sem stíga í pyttina eða fara yfir línuna gera hinum ákveðin óleik. Undirritaður þekkir sem betur fer engin slík dæmi af íslenskum matarbloggum þótt þau séu þekkt í öðrum löndum. Freistingin er auðvitað augljós, því það er auðvitað fúllt að skrifa frábært blogg en fá lítið sem ekkert fyrir það, á meðan aðrir eru á fullu kaupum við að skrifa misgott efni fyrir hefðbundna miðla. En það er hins vegar ekki einkamál hvers og eins matarbloggara hvort hann er leigupenni. Orðspor allra matarbloggara er í húfi. Rétt eins og öll blaðamannastéttin er dæmd ef fáeinsir svartir sauðir selja sál sína og skrifa í þágu eiganda sinna eða annarra hagsmunaafla, eins og við þekkjum svo vel hér á Íslandi.

**Siðareglur matarbloggara**  
Til að sporna við þessu hafa tveir forkólfar úr matarbloggaraheiminum skrifað sérstakar siðareglur fyrir sig og sína stétt sem finna má á slóðinni www.foodethics.wordpress.com. Þá




hafa nokkrar vefsíður, eins og www.eater.com, hafið herferð gegn fríðindum, gjöfum og almennum óheildarleika í matarbloggi. Bandarísk yfirvöld hafa líka skorist í leikinn og sett reglur um peningagjafir fyrirtækja til matarbloggara. Slíkt skal vera opinbert og uppi á yfirborðinu. Bloggarar mega þó þiggja vörur, máltíðir, ferðalög gistingu o.þ.h. án þess að greina frá því opinberlega. Vart þarf að taka fram að þeir íslensku matarbloggarar sem undirritaður hefur lesið, jafnt þeir sem nefndir eru hér að ofan, sem og aðrir, flokkast í hóp hinna góðu og siðlegu.

**Betra líf með bloggum**  
Þegar öllu er á botnin hvólfu eru matarblogg meðal vinsælasta efnis á netinu og þeim fjólgar stöðugt í takt við meiri lestur. Þróunin er komin lengst vestan hafs en önnur svæði í veröldinni fylgja á eftir. Fyrirtæki hafa komið auga á þetta og vilja nýta mátt þessara nýju áhrifavalda til að selja vörur sínar og þjónustu. Þetta ógnar orðspori þeirra sem skrifa um mat og matartengd mál-efni á netinu af hlutleysi og heiðarleika . . . sem auðvitað lang flestir gera. Þeir hinir sömu hjálpa neytendum og öllu mataráhugafólki að vikka sjóndeildarhringinn, gera betri kaup og læra nýjar matarkunstir. Fyrir utan það hvað matarblogg eru skemmtileg. Flestir gera þetta án þess að fá fyrir það laun sem talandi er um. Þetta eru hetjur netheima. Takk fyrir matarbloggin.



**GAEDI  
PEKKing  
ÞJÓNUSTA  
Í 60 ÁR**

**Háaleitisbraut 58-60 - Sími 553-1380**

# Fjöruverðlaun veitt

Elísabet Jökulsdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir fengu á dögnum afhent Fjöruverðlaunin – bókmenntaverðlaun kvenna.

## Átakanleg og myndin

Elísabet hlaut verðlaun í flokki fagur-bókmennta fyrir ljóð sín í bókunum Ástin ein taugahrúga og Enginn dans við Ufsaklett. Dómnnefndin segir meðal annars að ljóðin lýsi „á óvenju opinskáan og einlegan hátt ástarsambandi ljóðmælanda við ofbeldismann og hvernig hún festist í þráhyggju og ástarfíkn. Þetta er ljóðabálkur í þremur hlutum sem byrjar í tilhugalífínu og

endar með skilnaði. Átakanleg en jafnframt myndin saga sem afhjúpar veikleika beggja aðila í þessu sjúka ástarsambandi.“

## Sígild bók

Bryndís hlaut verðlaunin í flokki barna og unglingabókmennta fyrir bókina Hafnfirðingabrandarinn. Um hana segir dómnnefndin meðal annars að hún sé vel skrifuð og skemmtileg.

Stíllinn sé myndrænn og ærslafullur og sundum eins og verið sé að horfa á kvikmynd. „Frásögnin er margradda og þær segja gripandi sögu sem vekur sterka samlíðan með persónunum. Helsti styrkur sögunnar er hvernig hún fjallar samskipti kynslóða og dregur upp flóknar sögupersónur af eldri kynslóðinni, persónur sem eru margbrotið og áhugavert fólk. Heimur eldri borgara er gerður merkingarbær og spennandi fyrir ungt fólk og veitt er óvenjuleg innsýn í líf þeirra.“ Svo bætir dómnnefndin því við að Hafnfirðingabrandarinn hafi alla burði til að verða sígild unglingabók.

## Frumkvöðlarannsókn

Þá hlaut bókin Ofbeldi á heimli – með augum barna verðlaun í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Guðrún Kristinsdóttir ritstýrði henni. Hér er um að ræða yfirgripsmikla rannsókn



Verðlaunahafarnir ásamt Degi og Vigdísi. Frá hægri: Bryndís, Guðrún og Elísabet.

á upplifun barna af heimilisofbeldi, segir dómnnefndin, þar sem höfundar nálgast efnið frá mörgum sjónahorfum og með ýmsum fræðilegum aðferðum. „Þetta er frumkvöðlarannsókn sem á sér fáar hliðstæður erlendis og er einstök í íslensku samfélagi, þar sem ofbeldi á heimilum hefur ekki áður verið rannsakað út frá sjónarhóli barna. Áhersla er lögð á börn sem áhrifavald

í eigin lífi, frekar en óvirka þolendur og upplifanir þeirra settar í brennidepil. Þannig er rofin sú þögn sem hefur ríkt um tilfinningar barna sem verða fórnarlömb ofbeldis á heimilum,“ segir dómnnefndin meðal annars.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Vigdísi Finnbogadóttir fyrirverandi forseti Íslands afhentu verðlaunin við athöfn í Höfða.

**Tilboð á hreinsun af öllum gerðum sængum og koddum út janúar**

**DÚN & FIDUR**

Laugavegi 86 101 Reykjavík S. 511 2004 [www.dunogfidur.is](http://www.dunogfidur.is)

## Rafmagnslaust á Mýri

Rafmagnið var tekið af á leikskólanum Mýri á dögnum en þá var haldinn rafmagnslaust dagur. Tilgangurinn var að minna á hversu miklu rafmagnið skiptir og nútíma þægindi sem við lítum á sem sjálfsagðan hlut. Hugmyndin mun upphaflega vera komin frá leikskóla í Garði, segir á vef Reykjavíkurborgar.

Á Mýri var rafmagn var tekið af öllu

húsinu og því ekki hægt að kveikja ljós, vinna í tölvu, elda mat né hella upp á kaffi. Börnin gengu um með vasaljós til að sjá handa sinna skil og starfsfólk bar höfuðljós. Börnin þurftu að ráða framúr hvernig ætti að elda mat og sinna fleiri verkum án þess að nota rafmagn. Að lokum var ákveðið að hræra skyr. Framtakið þykir hafa heppnast mjög vel, og raunar segir að



þetta tilbúna rafmagnsleysi hafi verið kærkomið, meðal annars þar sem álag af tölvum og tölvupósti og öðru slíku var ekkert á meðan.

## Seltjarnarnes:

### Íþróttafólk valið

Íþrótt- og tómstundaráð Seltjarnarness óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann og íþróttakonu sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttgrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Skilyrði er að íþróttafólkið eigi lögheimili á nesinu, óháð því hvar það stundar sína íþrótt. Tilnefningar, upplýsingar og ábendingar má senda á netfangið [haukur@seltjarnarnes.is](mailto:haukur@seltjarnarnes.is), en þær þurfa að berast fyrir 3. Febrúar. Frekari upplýsingar um þetta má nálgast á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.



Fjölmarginir hafa sótt sér sand og salt á hverfisstöðvar borgarinnar í hálkutiðinni. Í hlakunni undanfarið hafa stettir og stígar stundum orðið glerhál og því gott að geta sótt þetta, og sem er sáraeinfalt mál þar að auki. Það vottar ritstjóri Reykjavíkur vikublaðs sem gerði þetta sjálfur á dögnum. Sandur og salt er til reiðu á hverfastöðvum og verkþækistöðvum Reykjavíkurborgar. Hverfastöðvarnar eru opnar mánudaga til fimmtudaga kl. 7:30 - 17:00 og föstudaga kl. 7:30 - 15:25, en verkþækistöðvarnar eru opnar kl. 7:30 - 17:25 mánudaga til miðvikudaga og kl. 7:30 - 15:25 á fimmtudögum og föstudögum. Þær eru við Njarðargötu, Jafnasel, á Kjalarnesi, við Árbæjarblett og á Klambatúni.

**Prif ehf**

**SÍMI 89 89 566**

[www.prif.is](http://www.prif.is) / [www.thrif.net](http://www.thrif.net)  
netfang: [thrif@centrum.is](mailto:thrif@centrum.is)

**Við gerum tilboð í reglubundna ræstingu ykkur að kostnaðarlausu.**

## Náttúruruleg hreinsun frárennslis

HREINSISTÖÐVAR FYRIR SUMARHÚS OG ÍBÚÐARHÚS

Fjögurra þrepa hreinsiferlið er:

vélrænt

örveirur nýttar í niðurbrot,

gildi köfnunarefnis (N) lækkuð

gildi fosfórs (P) lækkuð

að lokum er geislun (UV) og/eða Óson (O<sub>3</sub>)

Útvegum allar stærðir hreinsistöðva

Mikil hreinsigeta

Hagstætt verð

14 ára reynsla á Íslandi tryggir gæði

CE vottuð framleiðsla

**Bólholt**


[www.bolholt.com](http://www.bolholt.com) - 4713000



VARANLEG OG UMHVERFISVÆN AÐFERÐ VIÐ LOSUN SKÓLPS

# et<sub>EHF.</sub> VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði



Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík  
S: 5682130 • Fax: 5680844 • [www.et.is](http://www.et.is)



Pú færð **eldsneyttissparandi** dekkinn frá **YOKOHAMA**

á [dekkjahollin.is](http://dekkjahollin.is)

DEKKJAHÖLLIN  
REYKJAVÍK - EGGJABÚNAÐUR - AKUREYRI



## BAKSÍÐAN

Magnús Sveinn Helgason



## Stóra hjóla- hjálmamálið

Á þriðjudag bárust fréttir af því að borgaryfirvöld hefðu tekið fyrir að fyrirtæki mættu dreifa merktum varningi í grunnskólum borgarinnar á skólatíma. Eimskipafélagið myndi ekki fá að gefa reiðhjólajálma merktu félaginu og tannlæknar mættu ekki dreifa tannburstum eða tannkremsi sem merkt eru framleiðendum. Sjálfstæðismenn í borginni gripu boltann á lofti og fordæmdu reglurnar sem tilraun til forræðishyggju, og ótrúlegur fjöldi fólks tók undir á samfélagsmiðlum.

Stórfyrirtæki tryggja markaðsráðandi stöðu sína meðal annars með því að tryggja að vörumerki þeirra séu allstaðar nálæg í daglegu lífi þess, eðlilegur hluti þess og að fólk tengi viðkomandi vöruflokk sjálfkrafa við vörumerki fyrirtækisins. Tannhirða=Colgate. Flutningar=Eimskip.

Stórfyrirtæki þurfa líka að byggja upp velvild til vörumerkjanna, tryggja að vörumerkið vekji jákvæðar hugrenningar. Fjárfesting í ímynd vörumerkis er langtímafjárfesting sem skilar sér ekki endilega strax, heldur ber vexti í áratugi. Þetta sést meðal annars á því að vörumerkið Colgate var stofnað 1873 og Eimskipafélagið árið 1914.

Auðvitað er auðveldara að ná þessum markmiðum ef byrjað er snemma, sem gerir markaðssetningu til barna svo árangursríka.

Það er fánlegt að láta eins og gjafir fyrirtækja á vörum sé annað en hluti af markaðsstarfi viðkomandi fyrirtækis. Ef Eimskipafélagið hefði eingöngu áhuga á því að grunnskólabörn ættu reiðhjólajálma og engu öðru myndi félagið einfaldlega gefa hjálma. Vegna þess að Eimskipafélagið sér hjálmagjöfina sem lið í markaðsstarfi sínu lætur það prenta vörumerki á hjálmana. Merki Eimskipafélagsins er ekki prentað á hjálmana til að gera þá eigulegri eða meira aðlaðandi.

Hvernig í ósköpunum getur það verið kappmál nokkrum manni, annars en markaðsstjóra Eimskipafélagsins, að grunnskólar Reykjavíkur taki að sér að aðstoða við markaðssetningu fyrirtækisins?

Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að Eimskipafélagið gefi ómerktu reiðhjólajálma. Nú, eða skipuleggi einhverskonar skemmtidagskrá þar sem börnum yrði boðið og þeim gefnir hjálmar? Það má jafnvel ímynda sér að félagið gæti sent hjálmana heim til barna. Félagið fæst við flutninga, ekki satt?

## Íbúfen®

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk



Actavis

# Vetrar útsala

## Fjallakofans

24. janúar - 4. febrúar

# 20-70%

## afsláttur af völdum vörum

Gríptu tækifærið og fáðu þér gæða útivistarvörur frá **Marmot, Scarpa, Smartwool, Arc'teryx, Löffler, Black Diamond, Völkl, Marker, Smith, Dakine** og fleirum á þessari frábæru útsölu! Fatnaður, skór, bakpokar, skíðabúnaður og margt fleira.

Sjón er sögu ríkari!

Smartwool  
nærfatnaður og  
sokkar  
**20-30%  
afsláttur**

Marmot  
dúnnfatnaður  
**20-50%  
afsláttur**

Skíðabúnaður  
skíði, vettlingar,  
töskur o.fl.  
**30-50%  
afsláttur**

Marmot  
útivistarfatnaður  
**20-50%  
afsláttur**

Löffler  
hjólafatnaður  
**30-50%  
afsláttur**

Afgreiðslutími í verslunum Fjallakofans um helgina:

	Laugard. 24.01.	Sunnud. 25.01.
Laugavegur 11	10-18	13-17
Kringlan 7	10-18	13-17
Reykjavíkurv. 64	10-18	13-17



Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.



# FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)  